

# Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni

Unnið fyrir Vegagerðina  
vegna mats á umhverfisáhrifum

Böðvar Þórisson  
og  
Þorleifur Eiríksson

Ágúst 2005  
NV nr. 06-05

## ÚTDRÁTTUR

Vegagerðin fyrirhugar að leggja nýan og breyttan veg frá Bjarkalundi að Eyri í Kollafirði í Reykhólahreppi. Framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga og er fyrsti áfangi frá Bjarkalundi að Þórisstöðum, annar frá Þórisstöðum að Kraká í Gufufirði og sá þriðji frá Kraká að Eyri í Kollafirði. Á fyrsta áfanga kemur til greina að þvera Þorskafjörð eða fylgja að mestu núverandi vegstæði. Á áfanga 2 kom þrjár leiðir til greina, leið B sem fer í gegnum Teigsskóg og þverar tvo firði, leið C sem þverar Gufufjörð og leið D sem fylgir að mestu núverandi vegi. Á áfanga 3 verður að mestu fylgt núverandi vegstæði en nokkrar veglínur koma til greina fyrir Skálanesið.

Fuglalífið var athugað vor, sumar og síðsumar 2003 en einnig voru talningar síðsumar 2001.

Um miðjan maí 2003 var mest af rauðbrystingi í Gufufirði eða á milli 2-3000 fuglar. Um 1000 fuglar voru í Djúpafirði en enginn sást fyrir innan fyrirhugaða þverun í Þorskafirði. Til samanburðar var talið í Berufirði og fékkst svipaður fjöldi þar og hefur verið í öðrum talningum. Mest sást af tildru í Djúpafirði en þetta voru litlir hópar og lítill fjöldi.

Algengustu varptegundirnar voru skógarþröstur, þúfutittlingur, hrossagaukur og stelkur. Í Teigsskóginum (leið B) voru þessar tegundir algengastar fyrir utan stelk, en út á Hallsteinsnesi var fuglalífið fjölbreyttara. Á leið D er nokkuð fuglalíf við Brekku í Gufufirði.

Síðsumar sást talsvert af vaðfugli á leirunum í Þorskafirði og Djúpafirði en einnig í Gufufirði. Í Djúpafirði eru 4-800 álfir í felli og eitthvað af toppönd og rauðhöfða.

Leiðir B, C og D munu líklega hafa lítil áhrif á rauðbrystinga enda er krafa um full vatnsskipti. Leiðirnar munu þó skerða eitthvað af fæðustöðum vaðfugla en engin leið er betri í því tilviki. Ytri kostur á leið D er þó skárri en innri þar sem hann er fjær sjávarfitjunum en upp undir þær var talsvert af rauðbrystingi og öðrum vaðfuglum.

Leið B mun hafa mest áhrif á varpfugla þar sem hún fer að stórum hluta yfir óraskað land. Hætta er á að hún minnki fjölbreytnina úti á Hallsteinsnesi ef hún fer nærri tjörnunum en nokkrar veglínur koma til greina á nesinu.

Leið C mun hafa minni áhrif á fuglalíf en leið B. Leið D mun líklega hafa minnst áhrif á varpfugla af þessum leiðum þar sem hún fylgir að mestu núverandi vegi. Hún mun þó hafa einhver áhrif fyrir utan Brekku í Gufufirði en aðallega á þúfutittlinga, skógarþresti og hrossagauka. Fæðusvæði á leirunum munu skaðast.

Framkvæmdir við þveranir hefðu einhver áhrif frá apríl lok og fram á sumar. Þverun Djúpafjarðar (leið B) yfir sumarið hefði áhrif á æðarfuglinn og hugsanlega arnarvarpið. Framkvæmdir við þverun Gufufjarðar hefði hugsanlega einhver áhrif um vorið og þá mest á innsta kosti á leið D. Varpfuglar á svæðinu eru algengir og hafa framkvæmdir yfir sumarið lítil áhrif á stofnana.

Um áhrif á varp arna er fjallað í sérstakri skýrslu.

**EFNISYFIRLIT**

<b>ÚTDRÁTTUR</b> .....	2
<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	3
<b>INNGANGUR</b> .....	4
<b>AÐFERÐIR</b> .....	5
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	7
<b>Fuglar að vori</b> .....	7
Kollafjörður.....	9
Gufufjörður .....	10
Djúpifjörður .....	11
Þorskafjörður .....	11
Aðrir firðir.....	11
Sanderla .....	12
Fuglar á öðrum tíma um vorið .....	12
<b>Varpfuglar</b> .....	13
Áfangi 1.....	13
Áfangi 2.....	13
Þorskafjörður .....	13
Djúpifjörður .....	15
Gufufjörður .....	17
Áfangi 3.....	19
Kollafjörður.....	19
Þéttleiki fugla í Teigsskógi .....	23
<b>Fuglar að hausti</b> .....	24
Ágúst 2001 .....	24
Ágúst 2003 .....	25
<b>UMRÆÐUR</b> .....	29
<b>Fuglar að vori</b> .....	29
Rauðbrystingur.....	29
Aðrir fuglar að vori .....	30
<b>Varpfuglar</b> .....	30
Áfangi 1.....	31
Áfangi 2.....	31
Áfangi 3.....	32
<b>Fuglar að hausti</b> .....	32
Samantekt.....	33
<b>Þakkir</b> .....	33
Myndir .....	33
<b>VIÐAUKI</b> .....	35

## INNGANGUR

Vegagerðin (Vg) fyrirhugar að leggja nýan og breyttan veg á Vestfjarðavegi nr. 60, frá Eyri í Kollafirði að Bjarkalundi í Reykhólahreppi. Nokkrar leiðir koma til greina og valkostir við þær leiðir. Framkvæmdinni verður skipt í þrjá áfanga:

- Áfangi 1: Þverun Þorskafjarðar eða fara fyrir hann (mynd 1-3).
- Áfangi 2: Þrjár leiðir koma til greina á áfanga 2 sem nær frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Kraká í Gufufirði. Leið B liggur út Þorskafjörðinn að vestanverðu og þverar Djúpa fjörð og Gufufjörð (mynd 1). Leið C liggur að mestu á núverandi vegi yfir Hjallaháls en síðan verður farið út Djúpa fjörðinn og Gufufjörður þveraður (mynd 2). Mestu breytingarnar frá núverandi vegi með leið D eru í Gufufirði en þar koma tvær þveranir til greina, innarlega í firðinum (mynd 3).
- Áfangi 3: Frá Kraká að Eyri í Kollafirði. Hér er um eina leið að ræða en fáeinir valkostir við hana (mynd 1-3).

Syðstu mörk Reykhólasveitar eru við bæinn Hóla í Króksfirði og vestari mörkin eru við Múlaá í Þorskafirði. Gufudalssveit nær frá Múlaá í vestanverðum Þorskafirði að Deild á Bæjarnesi í vestanverðum Kollafirði (Jóhann Skaptason 1959). Þessar sveitir tilheyra núna Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimamenn í Gufudalssveit tala um vesturströnd og suðurströnd og fylgjum við þeirri málvenju.

Fuglalíf var athugað með tilliti til þessara leiða og valkosti fyrir hverja leið.



Mynd 1. Áfangi 1 og 3 og leið B á áfanga 2.



Mynd 2. Áfangi 1 og 3 og leið C á áfanga 2.



Mynd 3. Áfangi 1 og 3 og leið D á áfanga 2.

## AÐFERÐIR

Svæðin voru athuguð 30. - 31. ágúst 2001, 13. - 16. maí, 2. - 4. júní, og 12. - 14. ágúst 2003. Einnig var stuðst við dagbækur Páls Leifssonar um fuglatalningar í Djúpafirði, stöðu varpfugla samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá viðauka I) og

Þær skýrslur þar sem getið er um fuglalíf á þessum slóðum. Einnig eru til stopular athuganir frá árinum 2003 og 2004.

Notaðir voru sjónaukar (Pentax 8\*42), telescope (20\*60 og 15-45\*60) og GPS staðsetningartæki.

Í maí 2003 var stillt veður, logn, sól og hitastigið frá 7 til 15 °C. Í júní var NA átt og var vindasamt inni í fjarðarbotnum og uppi á heidum. Út með ströndinni og úti á annesjum var veður nokkuð stillt. Í ágúst var veður stillt og alskýjað.

Svæðum var skipt niður eftir fjörðum og síðan í minni einsleit svæði með hliðsjón af landslagi, örnefnum og umfangi fyrirhugaðra vegaf framkvæmda.

Umferðafuglar voru taldir 13.-16. maí 2003 en stærsti straumur var 17. maí. Tveir toppar í fjölda rauðbrystinga voru í maí í Kópavogi 1979 og 1982 (Arnþór Garðarsson og Ólafur Karl Nielsen 1989) og í Gilsfirði 1990 (Agnar Ingólfsson 1990). Þessir toppar voru í kringum stórstreymi og miðaðist því talningin 2003 við að telja í kringum stærsta straum. Til að meta hvort umferðafuglarnir, þá helst rauðbrystingurinn, væri að flytja sig mikið á milli fjarða eftir flóði og fjöru þá þurfti að skoða nærliggjandi firði á sama falli.

Yfir varptímamann (2. - 4. júní) voru fyrirhugaðar veglínur gengnar og þeir fuglar sem sáust, skráðir og atferli þeirra skoðað til að ákvarða hvort um varpfugla var að ræða. Var fuglunum gefin varpstig; **A** = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna um að varp sé að ræða, **B** = Líklegt varp á svæðinu, **C** = hugsanlegt varp eða er varpfugl í grennd við svæðið, **D** = ekki varpfugl, heldur á leið um svæðið eða geldfugl.

Farin var ferð 30. – 31. ágúst 2001 og önnur 12. – 14. ágúst 2003. Í fyrri ferðinni voru Gufu-, Djúpa- og Þorskafjörður skoðaðir með því að ganga um ákveðin svæði í þessum fjörðum. Í seinni ferðinni voru sérstaklega athugaðar fellistöðvar andfugla en einnig skoðuð notkun vaðfugla á fjörusvæðum í Djúpa- og Gufufirði. Stopular athuganir í öðrum fjörðum voru einnig skráðar.

Það skiptir miklu máli að vera á réttum tíma með tilliti til flóðs og fjöru. Agnar Ingólfsson (1976) taldi að flóðið væri ca tveimur tímum seinna í Djúpafirði en við Flatey í Breiðarfirði og bar það saman við okkar eigin athuganir. Sjávarföllin eru á svipuðum tíma í Þorskafirði og Flatey. Fengnar voru tölur úr flóðatöflu Almanaki Háskólans (2003) og eru þær í töflu 1 ásamt okkar eigin athugunum fyrir Gufu-, Djúpa-, Þorska- og Berufjörð.

Tafla 1. Flóðatafla fyrir Reykjavík og Gufudalsveit 2003.

Staður	Reykjavík*		Flatey*/Þorskafj.		Gufu-/Djúpfj.		Berufj.	
	Fjara	Flóð	Fjara	Flóð	Fjara	Flóð	Fjara	Flóð
13. maí	10:18	16:29	11:00	17:11	12:58	19:09		
14. maí	11:01	17:12	11:43	17:53	13:43	19:52		
15. maí	11:43	17:54	12:25	18:36	14:23	20:36	13:00	19:00

\* Almanak Háskólans 2003.

Skekkiþingur á flóði fyrir Gufu-, Djúpa-, Þorska- og Berufjörð er um hálf tími.

## NIÐURSTÖÐUR

### Fuglar að vori

Aðaláhersla var lögð á að telja umferðafugla þ.e. rauðbrysting (tafla 2) og tildru í vorferðinni en aðrar tegundir voru einnig skráðar (tafla 3). Í maí 1990 var flogið umhverfis mest allt landið og vaðfuglar taldir. Talningar á völdum stöðum má sjá í töflu 2 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991).

Niðurstöður fyrir fjölda rauðbrystinga eru í töflu 2 en varpfugla í töflu 3.

Tafla 2. Talningar á rauðbrystingum í maí 2003.

Staður	Rauðbrystingur				
	13. maí	14.-15. maí	16. maí	maí 2003	maí 1990
Skutulsfjörður				200 <sup>1</sup>	
Önundarfjörður				246 <sup>2</sup>	
Dýrafjörður	54		318	2000 <sup>3</sup>	
Borgarfjörður	30		80		
Vatnsfjörður	0		740		6400
Kjálkafjörður	500		4082		3300
Mjóifjörður	0		142		
Skálmafjörður	500		310		
Kvígingisfjörður			6		
Kollafjörður	134		898		
Gufufjörður	2015	2000	1069		3300
Djúpifjörður	1	944			1000
Þorskafjörður	0	160			1800
Berufjörður		5212			7000
Króksfjörður		545			4000

<sup>1</sup>Talið 20. maí 2003, frá botni Skutulsfjarðar að Arnarnesi að austan og Hnífsdal að vestan.

<sup>2</sup>Talið 22. maí 2003, frá botni Önundarfjarðar að línu dregna frá Flateyri að Ófæru.

<sup>3</sup>Talið 19. maí 2003, frá botni Dýrafjarðar að línu dregna frá Þingeyri að Lækjarósi.

Þann 13. maí 2003 var stoppað á nokkrum stöðum og athugað hvort rauðbrystingar sæjust. Í Gufufirði var allur fjörðurinn talinn, frá Skálanesi og inn í botn. Þann 16. maí var keyrt frá Djúpafirði til Dýrafjarðar og stoppað á nokkrum stöðum og talið. Talningar á rauðbrystingum eru í töflu 2 en aðrar tegundir eru í töflu 3 og 4.

Taldir voru 262.000 rauðbrystingar 1990 í flugtalningunni en það má bæta 6000 fuglum við á þeim svæðum sem ekki náðist að telja. Um 65% af rauðbrystingunum voru í Breiðafirði og um helmingur af þeim frá Skarði um Gilsfjörð að Skálmarnesi (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991).

Talningar í Gufu-, Djúpa- og Berufirði 2003 eru nokkuð sambærilegar við talningar úr flugvél árið 1990 með nokkrum undantekningum (sjá töflu 2). Vatnsfjörður var skoðaður lítilsháttar 2003 og hafa væntanlega verið fleiri fuglar í firðinum það ár. Það sáust örfáir fuglar í Króksfirði á háfjörinni 2003 en svo fjölgaði þeim ört þegar byrjaði að flæða. Líklega hefði fengist mun hærri tala ef beðið hefði verið fram á flóðið. Þorskafjörðurinn var aðeins talinn fyrir innan Þórisstaði og undan Kinnastöðum og Hofstöðum.

Tafla 3. Fjöldi fugla eftir tegundum 13. maí 2003 í Skálma-, Kolla-, Gufu- og Djúpafríði.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	Sk.	Ko.	Gu.	Dj.
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>				46	
Grágæs	<i>Anser anser</i>				36	6
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>				5	3
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		80	x	90	x
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		19		59	
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>					4
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		3		14	1
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		200	50		110
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>				1	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>				14	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		10	x	94	9
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>			15	7	3
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>				19	
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		2		6	
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>		13	1	5	
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>				2	
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>				1	
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>				1	
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>				1	
Samtals			327	66	401	136
Fjöldi tegunda			7	5	17	8

Í töflu 3 og 4 eru talningar á öðrum fuglum en umferðafuglum. Fyrir utan rauðbrysting var mest af stelk í Gufufirði en einnig nokkuð af jaðrakan og tjaldi. Tjaldur er ekki mikið á leirunum í Gufufirði en safnast saman á flóðsetri í vestanverðum firðinum. Athygli vekur að sendlingur sást ekki í Gufufirði en var aftur á móti algengur í öðrum fjörðum. Ekki er þó útilokað að einhverjir fuglar hafi verið þarna þar sem aðal áhersla var lögð á að telja umferðafuglana.



Tafla 4. Hámarksfjöldi fugla eftir tegundum 14.-15. maí 2003 í Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	Gu.	Dj.	Þo.
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>			5	
Ógr. skarfur	<i>Phalacrocorax sp.</i>			1	
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		20	9	2
Grágæs	<i>Anser anser</i>		10	21	10
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>		8	4	4
Rauðhöfði	<i>Anas penelope</i>			3	
Æður	<i>Somateria mollissima</i>			200	147
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>				3
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		3	6	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>				3
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		2		
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>		1		
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>			2	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		2	28	25
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		6	3	1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		10	31	13
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>		4		
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			131	200
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>			1	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>		40	1	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>			1	1
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		92	77	44
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>		5	151	9
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>				1
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		10	7	
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>				1
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		1	6	3
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>		1	1	2
Ógr. máfur	<i>Larus spp.</i>				50
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		1		29
Teista	<i>Cephus grylle</i>			2	
Samtals			216	691	348
Fjöldi tegunda			17	22	19

### Kollafjörður

Lítið sást af rauðbrystingi í Kollafirði 13. maí en um 100 fuglar sáust á flugi inni í botni og 34 í æti rétt innan við Kleifastaði. Sendlingur sást á flugi inni í botni þennan dag og svo fáeinir aðrir vaðfuglar á leirunum. Þann 16. maí sáust 320 rauðbrystingar í kringum Kálhólma við Galtará en einnig sást þar sandlóa (2), tildra (4), sendlingur (20), tjaldur (1) og kría (1). Frá Galtará að Eyri voru rauðbrystingarnir mikið á hreyfingu og stoppuðu stutt við í hvert skipti í ætisleit. Við Skálanes voru 39 rauðbrystingar í æti í þanginu.

## Gufufjörður

Rauðbrystingar í Gufufirði héldu sig á leirunum inni í botni þegar byrjað var að fjara út. Einnig héldu nokkrir fuglar (100-300) til fyrir utan Melanes við Selneshólma og Skálanessel. Þegar byrjað var að flæða aftur þá fylgdi hann flóðinu inn en var mjög dreifður meðan á því stóð. Þann 13. maí var byrjað að flæða þegar talningar hófust. Við Skálanessel (utan við Melanes) voru um 300 rauðbrystingar en um 1700 voru á milli Melaness og Hofstaða, báðum megin í firðinum (tafla 2). Þann 14. maí á kvöldflóði, héldu 2000 rauðbrystingar sig á litlu svæði inni í botni fjarðarins, alveg upp undir sjávarfitjarnar (sjá rautt afmarkað svæði á mynd 4).



Mynd 4. Leið D yfir Ódrjúgsháls og Gufufjörð, ytri kostur.

Þann 14. maí, á fyrra flóði, var suðurströnd Gufufjarðar gengin og fylgst með fuglalífinu. Byrjað var að fjara út þegar gangan hófst og var útflæðinu fylgt eftir. Jaðrakan kom inn á leirurnar þegar byrjaði að fjara en þeir síðustu komu ekki fyrr en ákveðin svæði voru komin upp. Mest sáust 40 jaðrakanar. Tildurnar voru í reknu þangi upp á sjávarfitjunum inni í botni. Á háfjöru voru 20 álfir við mynni fjarðarins. Lítið sást af rauðbrystingi á suðurströndinni og sáust einstakir litlir hópar á flugi á vesturströndinni.

Tveir ernir sveimuðu yfir firðinum. Fálki kom og fór að steypa sér á annan örninn með miklum látum. Þegar fálkinn hafði stundað þetta í nokkurn tíma þá leiddist erninum þófið, skellti sér á bakið í loftinu og setti klærnar á móti fálkanum sem rétt náði að bremsa sig af. Eftir þessa rimmu flaug fálkinn upp á klett að vestanverðu, settist þar og vældi ámátlega. Síðan lét hann sig hverfa. Annar örninn sveimaði síðan í átt að Djúpafljóði en hinn flaug inn í Gufudal. Fuglarnir voru ekki aldursgreindir.

Alls sáust 23 tegundir og 18 af þeim voru á leirunum eða sjónum. Að auki sáust á Gufudalsvatni í Gufudal, ein gulönd, toppandarpar, fjögur skúfandarpör, straumandarpar og steggur.

### **Djúpifjörður**

Lítið sást af rauðbrystingum fyrir en fjarað hafði nokkuð út. Héldu þeir sig að mestu á suðurströndinni við eyðibýlið Barm. Þegar byrjaði að flæða þá flugu þeir í átt að Hallsteinsnesi. Þó nokkuð af fugli stoppaði þar við en hélt síðan í suðurátt (Þorskafjörður, Reykjanes) á flæðinu. Hver hópur staldraði þó stutt við á nesinu.

Á leirunum í Djúpafirði sáust alls 19 tegundir. Mest var af æðarfugli en einnig sáust 131 sendlingar inni í botni. Alls sáust 151 tildra í Djúpafirði en þetta voru margir litlir hópar og mikið á ferðinni. Urt- og stökkendur sáust út á Hallsteinsnesi. Rjúpur voru fyrir ofan bæinn Hallsteinsnes.

Á Djúpadalsánni fyrir ofan bæinn Djúpadal sáust tvö gulandarpör.

### **Þorskafjörður**

Í Þorskafirði hélt rauðbrystingurinn sig undan Kinnarstöðum og Hofstöðum á suðurströnd Þorskafjarðar en enginn sást fyrir innan Þórisstaði. Einnig voru 35 tjaldar í hvíld undan Kinnastöðum. Svæðið á vesturströnd Þorskafjarðar, milli Þórisstaði og Hallsteinsness, var ekki skoðað. Alls sáust 18 tegundir fyrir innan Þórisstaði. Mest var af æðarfugli og hélt hann sig aðallega við Múla. Um 200 sendlingar voru á leirunum inni í botni. Einn ljós kjói sást á flugi.

Fáeinir rauðbrystingar sáust 30. maí 2004 inni í botni fjarðarins.

### **Aðrir firðir**

Í Berufirði var talið frá botni að Miðhúsum sem er rétt innan við Reykhóla. Rauðbrystingur hélt sig að mestu inni í botni þegar byrjað var að fjara en á há fjöru var stór hópur (2-3000), sem hélt sig rétt innan við Seljanes. Á flóðsetri voru um 500 fuglar á Grímshólma og svipaður fjöldi á skeri undan Börmum. Á háflæði fór skerið undan Börmum í kaf og fóru fuglarnir þá í land (sjá mynd 5).

Í Króksfirði sást lítið af rauðbrysting á fjörunni en hann gæti hafa verið utarlega í firðinum. Þegar byrjaði að flæða þá sáust rauðbrystingar koma inn og voru um 400 fuglar undan Hólum.

Í Kvígindisfirði sáust rauðbrystingar inni í botni og við Dómeyrina í Skálmafirði. Í Mjóafirði sáust rauðbrystingar við Litlanes.

Í Kjálkafirði sáust 4082 rauðbrystingar og af þeim voru um 2-3000 fuglar inni í botni. Litlir hópar voru með mest allri suðurströndinni frá Litlanesi og inn í botn. Minna sást af fjörusvæðinu á vesturströndinni og hún því vantalin.



Mynd 5. Rauðbrystingar undan Börmum í Berufirði maí 2003.

Talið var inni í botni Vatnsfjarðar á Barðaströnd en einnig stoppað við Fossá. Þar sáu 110 fuglar en rúmlega 600 fuglar voru í botni fjarðarins.

Í Dýrafirði var um 2000 rauðbrystingar við Hvamm 19. maí. Fáeinir litlir hópar halda sig fyrir utan Þingeyri og gæti hámarksfjöldi verið í kringum 3000 fuglar í Dýrafirðinum öllum.

Fjöldi rauðbrystinga í öðrum fjörðum má sjá í töflu 2.

### **Sanderla**

Engar sanderlur sáu í Gufudalssveit í maí 2003 en óvíst að þær hafi verið komnar í einhverju mæli. Í Önundarfirði sáu 142 sanderlur 21. maí 2003 og er líklegt að hámarkið hafi verið um það leyti. Í flugtalningunni 1990 sáu engar sanderlur í Gufudalssveitinni en eitthvað var um ógreinda vaðfugla (Arnhór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson). Talið er að 8000 sanderlur að lágmarki fari um vesturhluta landsins og þá í lok maí (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnhór Garðarsson 1993).

### **Fuglar á öðrum tíma um vorið**

Þegar ekið var um Þorska-, Djúpa- og Gufufirði 24. apríl 2003 var þegar komið mikið af farfuglum. Mest var í botni Gufufjarðar með >100 heiðlour, >100 stelkar, >100 sendlingar, 70-100 tjaldar og 32 jaðrakana. Í Djúpafjarðarbotni voru 153 sendlingar, 59 stelkar, 6 hettumáfar, 4 tjaldar og einn ungur svartbakur. Í botni Þorskafjarðar voru 100 sendlingar, 15 stelkar, 10 hettumáfar, 7 álfir og tvær heiðlour.

## **Varpfuglar**

Gengnar voru fyrirhugaðar veglínur frá Eyri í Kollafirði að Þórisstöðum í Þorskafirði. Athugunum var skipt niður á svæði sem voru afmörkuð af búsvæðum, örnefnum og útfærslum á leiðum Vegagerðarinnar.

Ekki er friðlýst æðarvarp á áhrifasvæði framkvæmdar (Þorólfur Halldórsson sýslumaður á Patreksfirði munnl. upplýsingar).

### **Áfangi 1**

#### Svæði 1. Bjarkalundur-Þórisstaðir.

Þessi áfangi nær frá Bjarkalundi að Þórisstöðum í Þorskafirði.

Um tvo kosti er að ræða, annar er að fara inn fyrir og halda sig að mestu á núverandi vegi, en hinn er að þvera Þorskafjörð rétt innan við Kinnastaði.

Fuglar voru athugaðir 29.-30. maí 2004 rétt innan við Kinnastaði, við Skóga á suðurströnd Þorskafjarðar og í botni fjarðarins.

Innan við Kinnastaði og niður í fjöru voru aðallega þúfutittlingar og stelkar. Einnig sáust tjaldar og sandlour á fjörusvæðinu og heyrðist í hrossagauki. Þessir fuglar voru varpfuglar á svæðinu. Jaðrakan var líklega með varp nálægt framkvæmdasvæðinu. Aðrir fuglar áttu leið um eins og t.d tvær kríur á flugi og ein grágæs. Það heyrðist í einum lóuþræli og hefur hann sennilega verið í æti. Úti á sjó voru 65 æðarfuglar í einum hóp.

Við Skóga voru þeir fuglar sem sáust og/eða heyrðust í meira en 50 m fyrir ofan veginn. Þetta voru tvær heiðlour, einn stelkur, tveir þúfutittlingar, einn skógarþröstur og einn hrossagaukur.

Inni í botni voru um 250 vaðfuglar á leirunum í æti; sendlingar, lóuþrælar, sandlour, stelkar, tildrur og rauðbrystingar. Nokkrir fuglar voru varplegir bæði fyrir ofan og neðan veg við Þorskafjarðarána. Það voru sandlour, þúfutittlingar, heiðlour, tjaldar og hrossagaukar. Kríur sáust í æti og er möguleiki að hún verpi á svæðinu. Þrjú straumandarpör voru við árósin og einn fullorðinn svartbakur á flugi.

### **Áfangi 2**

Fyrir þennan áfanga koma þrjár leiðir til greina (sjá mynd 1-3). Fjöldi einstaklinga fyrir hverja tegund sem sást eða heyrðist í og varpstig fyrir hvert svæði er í töflu 5-8.


#### **Þorskafjörður**

##### Svæði 2. Þórisstaðir-Gröf (leið B)

Vegurinn að Gröf var genginn og er skógur nánast alla leið til beggja handa. Skógarþröstur er ríkjandi tegund á þessu svæði en einnig var mikið af þúfutittlingi og hrossagauk. Nokkrir stelkar sáust þegar nær dró Gröf og voru þeir á tünnum við bæinn. Alls sáust eða heyrðist í 9 tegundum.

### Svæði 3. Gröf-Teigsskógur (leið B)

Vegslóði er frá Gröf og langleiðina að sumarbústað við Grímkelssstaðará inni í Teigsskógi en bústaðurinn er nefndur eftir skóginum. Skógarþröstur var ríkjandi í skóginum en einnig var talsvert af þúfutittlingi og hrossagauki. Niður við sjó var nokkuð af æðarfugli (32) en einnig var þar tjaldur og stelkur. Alls sáust 115 fuglar og 10 tegundir.



Mynd 6. Vegslóði frá Gröf að Teigsskóg á vesturströnd Þorskaafjarðar.

Hrafn hefur orpið fyrir ofan Gröf og síðast varð vart við hann með unga árið 1992. Hugsanlegt er að hann hafi verið í varpi á svæðinu eftir það. Fálki varp í hrafnslaupinn um 1980. Maríuerla verpir við bæinn og steindepill er með óðal í urð fyrir ofan bæinn. Rjúpa verpir á svæðinu.

Branduglur hafa sést í fáein skipti við Gröf, bæði yfir vetur og sumar. Á Himbrimavatni, sem er uppi á hálsinum fyrir ofan bæinn Gröf, hefur himbrimi orpið fyrir 1980 og hann hefur sést á vatninu af og til síðan. Síðast sást einn fugl 1999. Á eyri fyrir neðan bæinn Gröf verpir sandlóa, kría, stelkur, tjaldur og æðarfugl. Við Gröf hafa smáfuglar verið veiddir í net og merktir. Mest hefur komið af auðnutittlingum og þar á eftir skógarprestir, músarindlar og þúfutittlingar (Gunnlaugur Pétursson bréflugar upplýsingar 2005).

### Svæði 4. Teigsskógur-Hallsteinsnes (leið B)

Fjaran var gengin út að Hallsteinsnesi. Á Hallsteinsnesi var fuglalífið skoðað í kringum ísaltar tjarnir, á fjörusvæði og upp í kjarrinu. Gengið var inn í Djúpafjörðinn að svæði þar sem fyrirhugað er að þvera. Svæðið allt er mjög fjölbreytt. Þar eru klettagangar með leiruskikum á milli, ísölt lón (Agnar Ingólfsson 1976), birkikjarr og mýrlendi.

Við ströndina og í votlendi var mikið af stelk en í kjarrinu var skógarþróstur ríkjandi. Hrossagaukur og þúfutittlingur voru einnig mjög áberandi. Einn jaðrakan sást frá Teigsskógi að Grenitrésnesi og á Hallsteinsnesi sáust tvö þör í mýrlendi og við tjarnir. Við tjarnirnar sáust stökkendur, urtönd með nýskriðna unga, óðinshani og nokkrir rauðhöfðar.

Tveir ernir sáust og var annar ungur en hinn náðist ekki að aldursgreina. Ungi örninn var að atast í grágæsum en ein kría var ekki sátt við kauða og reyndi að hrekja hann frá hvað eftir annað. Hún var greinilega með hreiður nálægt og líklega eru 2-4 þör á svæðinu. Á milli Teigsskógar og Grenitrésnes er algengur setstaður arna niður við sjó (Páll Leifsson munnl. upplýs.) og sáust þar ernir sumarið 2003 og 2005.

Tvær hvítar rjúpur sáust og voru þetta líklega karrar. Síðsumars sást fullorðin rjúpa með 15 unga rétt fyrir innan fyrirhugaða þverun í Djúpafirði (tafla 9). Á 600 m kafla 5-50 m frá fjörunni á Hallsteinsnesi voru 42 stelkar, 17 hrossagaukar, 15 þrestir og 16 þúfutittlingar. Samtals sáust 21 tegund á svæðinu enda var svæðið bæði fjölbreytt og stórt. Flestar tegundirnar voru varpfuglar eða líklegar til varps.

Skoðað var svæði rétt fyrir innan fyrirhugaða þverun og sáust þar 68 æðarfuglar og tveir ógreindir skarfar. Annað var algengir varpfuglar á svæðinu.

Vottur af æðarvarpi hefur verið úti á Hallsteinsnesi og síðustu 20 ár hafa verið 30-40 hreiður á hverju sumri. Í ár (2005) var það aftur á móti í minna lagi. Varpið hefur verið í Góðunum sem eru tvö lítil sker fyrir utan Skipatanga og eitthvað í Lyngeyjunum (Þóroddur S. Skaptason bréflegar upplýs. 2005).

#### Svæði 5. Þórisstaðir – Krossgil undir Mýrlendisfjalli í Djúpafirði (leið D)

Hér verður fylgt að mestu núverandi vegi. Lítið fuglalíf var á þessum vegkafla og voru þeir fuglar sem sáust flestir utan veghelgunarsvæðisins. Örfáir hrossagaukar og tvær heiðlóur uppi á Hjallahálsinum. Þegar neðar dró í Djúpafirði og Þorskafirði fór að heyrast meira í skógarþresti. Fimm tegundir sáust.

#### **Djúpifjörður**

##### Svæði 6. Krossgil-Djúpadalsá –Hólmarif (leið D)

Gengið var fyrir ofan veg að sumarbústöðum og fyrir neðan veg niður með gilinu að sjó. Einnig var svæðið skoðað fyrir neðan brúna yfir Djúpadalsá og yfir að eyri, sem í daglegu tali er kölluð Hólmarif, í botni Djúpafjarðar (mynd 7).

Fyrir ofan veg að sumarbústöðum voru skógarþrestir algengastir en einnig voru hrossagaukar og þúfutittlingar. Ein rjúpa, músarindill og heiðlóa sáust einnig á þessu svæði fyrir ofan veg. Meðfram gilinu niður að túnnum voru skógarþrestir, þúfutittlingar og hrossagaukar. Á túni var stelkur með varp. Í kjarri á milli vegs og fjöru fannst ein urtönd með hreiður (9 egg). Stelkur, tjaldur og sandlóa voru á fjörusvæðinu og 40 sendlingar á leirunum. Lítið fuglalíf var á sjávarfitjunum. Á mynd 7 eru teiknaðir tveir hringir, annar er í álnum en á því svæði sáust nær alltaf sendlingar. Hinn hringurinn er við Hólmarif. Það svæði nota vaðfuglar þegar byrjað er að fjara eða í lok flóðs. Aldrei sást mikill fjöldi af vaðfuglum á leirunum, við eyrina og innan við, nema þá helst sendlingurinn.



Mynd 7. Djúpafjarðarbotn.

#### Svæði 7. Hólmarif – Hálsá (leið D)

Gengið var frá Hólmarifi og að Hálsá. Stoppað var við vegslóða sem liggur niður að sumarbústöðum í Miðhúsarlandi. Lítið fuglalíf var á þessu svæði en fyrir neðan veg nálægt sumarbústaðalandinu heyrðist vel í skógarþröstum en hann var algengastur ásamt hrossagauki.

#### Svæði 8. Hálsá að Grónesi (leið C)


Gengið frá Hálsá og að Grónesborgum. Þaðan var gengið fyrir ofan þær og að Grónesi. Skógarþröstur (20), hrossagaukur (16) og þúfutittlingur (13) voru í nokkrum þéttleika á 1 km sniði frá Hálsá og út fjörðinn. Einnig var stelkur með hreiður, auðnutittlingur og músarindill syngjandi. Einungis sáu sex tegundir en þéttleiki var nokkur. Þegar utar dró var þéttleiki minni en þrjár tegundir bættust við. Arnarvarpstaðir eru í Grónesborgum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2005, mynd 8).

#### Svæði 9. Grónes (leið B og C)

Svæðið nær frá Grónesi og yfir í Gufufjörð þar sem fyrirhugað er að þvera (mynd 8). Ofarlega á Grónesinu eru melar, stakir stórir steinar en neðar er kjarr. Fáir fuglar voru á melunum en neðar var meira fuglalíf. Niður í fjöru, Djúpafjarðarmegin, voru æðarfuglar, tjaldar, stelkar og einn jaðrakan. Í hólmunum sáu grágæsir, tveir ógr. skarfar og nokkuð af æðarfugli sat þar uppi. Niður í fjöru Gufufjarðarmegin voru stelkar, tjaldar og spóar líklega með varp. Einn jaðrakan sást þar. Sjö grágæsir sáu á flugi. Þúfutittlingur var



algengastur fyrir utan æðarfugl. Stelkur og tjaldur voru algengir á fjörusvæðunum. Alls sáu sex spóar á svæðinu og eru varppör líklega um 3-4.



Mynd 8. Grónes.

#### Svæði 10. Eyjar fyrir mynni Djúpaþjórðar (leið B)

Úti í eyjum við mynni Djúpaþjórðar er æðarvarp en einnig er eitthvað varp út í sjávarhólmum, sem fjarar út í, við Grónes. Varpið hefur gefið af sér upp í 11 kg af dún (Theódór Guðmundsson Brekku munnl. uppl.). Eyjarnar voru ekki skoðaðar sérstaklega en þar má búast við tjaldi, stelk, sandlóu, kríu, grágæs svo eitthvað sé nefnt. Í Ystey er arnarvarpsstaður (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2005).

#### Svæði 11. Hálsá – Lómatjörn uppi á Ódrjúgshálsi (leið D)

Frá Hálsá og upp á hálsinn meðfram veginum er lítill gróður nema neðst í Krossgilinu. Á Lómatjörninni var skúfandarpar og flaug parið af svæðinu þegar það varð vart við okkur. Skógarþröstur, hrossagaukur og ein heiðlóa með hreiður (4 egg) sáu.

### **Gufufjórður**

#### Svæði 12. Lómatjörn á Ódrjúgshálsi að Brekkuá (leið D).

Svæðið var athugað frá Lómatjörninni uppi á Ódrjúgshálsi og niður í Brekkudalinn að Brekkuá. Við Brekkuána var jaðrakan (1), heiðlóa (1) og það heyrðist í einum músarindli. Fleiri jaðrakanar hafa sést við ána þegar ekið hefur verið framhjá svæðinu en ekki fannst varp á fyrirhugaðri veglínu. Í kjarrinu frá Brekkudalsánni að Lómatjörn var skógarþröstur algengastur ásamt hrossagauk og þúfutittling. Eitt hreiður fannst hjá hrossagauk og voru fjögur egg í því.

### Svæði 13. Brekkuá-Hofstaðir (leið D)

Tveir kostir koma til greina við þverun Gufufjarðar á leið D. Innri kosturinn fer yfir túnin á Brekku og fer yfir fjörðinn á móts við Hofstaði. Ytri kosturinn fer rétt fyrir utan Brekkuána og fer yfir fjörðinn fyrir utan Hofstaði. Gengið var frá Brekkuánni niður túnin við Brekku og niður í fjöru, að Gufudalsánni, yfir sjávarfítjarnar og að Hofstöðum.

Þúfutittlingur var algengastur frá Brekkuá að túnunum við Brekku. Á túnunum var heiðlóa algengust (10) en einnig voru þar grágæsir, þúfutittlingar og hrossagaukar. Tveir jaðrakanar flugu hjá. Frá túnunum niður í fjöru þar sem fyrirhugað er að þvera var stelkur (5), tjaldur (4) og jaðrakan (4) algengastir. Flestir fuglarnir voru í æti niður í fjöru en einn jaðrakan sýndi varpatferli. Á þessum kafla frá Brekkuánni að fjörusvæðinu sáust 11 tegundir og flestar tegundirnar líklega með varp nema kría.

Undan Brekku og að Gufudalsánni voru hrossagaukar algengastir. Jaðrakan var varplegur á þessu svæði. Eitt straumandarpar sást á ánni. Álftir (5) og stokkandarpar sáust á leirunum. Mikið af fugli var á leirunum og er líklegt að hluti af þeim sé í varpi ekki langt frá. Einn hettumáfur átti leið hjá.

Á sjávarfítjunum var lítið fuglalíf. Frá Gufudalsánni að Hofstöðum í vestanverðum Gufufirði var hrossagaukurinn algengasti varpfuglinn og þar á eftir skógarþröstur. Stelkur var í æti á leirunum ásamt 35 grágæsum.

Alls sáust frá Brekkuá að Hofstöðum 15 tegundir.

Meira kjarrlendi er á ytri kostinum og ætti þúfutittlingur, hrossagaukur og skógarþröstur að vera ríkjandi. Á vegslóða út að Grónesi sást rjúpa ekki langt frá ytri kostinum.

### Svæði 14. Hofstaðir-Melanes (leið D)

Gengið var frá Hofstöðum að flugbrautinni á Melanesi. Litlar breytingar verða gerðar á veginum á þessu svæði nema við Hofstaði. Þröstur, hrossagaukur og þúfutittlingur voru algengastir. Það heyrðist í einni rjúpu og einni heiðlóu. Þrír steindeplar sáust og fáeinir stelkar. Fuglalífið var mest í kjarri báðum megin við veginn en lítið við Hofstaði.

### Svæði 15. Melanes að Kraká (leið B, C og D)

Svæðið var gengið frá fjöru við Melanes neðan flugvallar og eftir fyrirhugaðri veglínu að Kraká. Veglínan liggur um óraskað land, fjörusvæði og birkikjarr. Einnig var gengið með veginum frá flugstöðinni að Kraká. Við fjörusvæðið á Melanesi voru sjö æðarfuglar, einn stelkur og heiðlópar. Uppi í kjarrinu var hrossagaukur, skógarþröstur og þúfutittlingur. Músarindill var syngjandi. Við veginn var ein rjúpa og einn steindepill en annars sömu fuglar og sáust í kjarrinu.

### **Samantekt**

Á leið B voru þúfutittlingar, hrossagaukar og skógarþrestir algengastir. Stelkur var algengur með ströndinni á Hallsteinsnesi og í votlendi uppi á landi. Fjölbreytt fuglalíf var í kringum tjarnir á Hallsteinsnesi. Arnarvarpstaður er í Ystey (Kristin H. Skarphéðinsson 2005).

Á leið C er arnarvarp. Á Grónesi voru nokkur spóapör en annars staðar sást lítið af spóa á framkvæmdasvæðinu.

Á leið D var mesta fuglalífið í Gufufirði en skógarþröstur, hrossagaukur og þúfutittlingur voru algengastir. Nokkurt fuglalíf var á leirunum í Gufufirði.

### Áfangi 3

Hér er um eina leið að ræða en valið er að fara niður í fjöru við Skálanesið eða í Skálaneshraunið fyrir ofan bæinn Skálanes.

### Kollafjörður

#### Svæði 16. Kraká – Kleifastaðir.

Þetta svæði er nokkuð fjölbreytt með melum, skriðum (Skálaneshraun), birkikjarri, túnnum og fjörusvæði með sjávarhólmum. Fyrirhuguð veglína liggur á núverandi vegi nema við Skálanes. Þar er valið að fara fyrir ofan eða neðan Skálanesbæinn.

Fyrir ofan bæinn er Skálaneshraunið, fáein tún og birkikjarr. Þar sást einungis þrjár tegundir, hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur. Fyrir neðan bæinn var mun meira fuglalíf með æðarfugl (37), stek (26) og tjald (11) sem ríkjandi tegundir. Einnig voru þar aðrar algengar tegundir eins og skógarþröstur, þúfutittlingur og hrossagaukur.

Á Skálanesi er dálítið æðarvarp og er það aðallega í Langhólma fyrir framan bæinn og í sjávarhólmum (Jónas Jónsson 2001).

Frá Skálanesi að Kleifastöðum við núverandi veg var hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur algengastir.

#### Svæði 17. Kleifastaðir - Galtará

Að mestu er hér um uppbyggingu núverandi vegar og skerðist því lítið óraskað land. Lítið skerðist af fjörusvæði en eitthvað við Galtará. Þúfutittlingur, skógarþröstur, hrossagaukur og stekur voru áberandi á þessu svæði. Nokkrir tjaldar og svartbakar voru í fjörunni. Tíu tegundir sást á þessu svæði.

#### Svæði 18. Galtará - Eyri

Fyrir ofan veg er birkikjarr en neðan vegar er fjörusvæði. Einhver röskun verður á birkikjarri og fjörusvæði þegar vegurinn verður byggður upp. Fuglalífið einkennist af þessum búsvæðum, tjaldur (25) og skógarþröstur (15) voru mjög áberandi. Fuglalífið var nokkuð á þessum tæpa 3 km vegkafla en viðvera sumra tegunda var stutt og því líklega ekki um varpflugla að ræða. Alls sást 11 tegundir.

Í töflu 5-8 er yfirlit yfir fjölda fugla og varpstig þeirra fyrir hvert svæði. Varpstigin eru: **A** = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna að um varp sé að ræða, **B** = Líklegt varp á svæðinu, **C** = hugsanlegt varp eða er varpflugl í grennd við svæðið, **D** = ekki varpflugl, á leið um svæðið eða er geldflugl. Þeir fuglar sem sást á öðrum tíma en yfir varptímann er merkt með x.

Tafla 5. Fjöldi fugla og varpstig árin 2003 og 2004 á svæðum 1-5.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	1	2	3	4	5
Ógr. skarfur	<i>Phalacrocorax sp.</i>					2 <b>D</b>	
Grágæs	<i>Anser anser</i>		<b>C</b>	2 <b>C</b>	2 <b>C</b>	25 <b>C</b>	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>					5 <b>B</b>	
Rauðhöfði	<i>Anas penelope</i>					3 <b>C</b>	
Urtönd	<i>Anas crecca</i>					4 <b>A</b>	
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		<b>B</b>		32 <b>B</b>	70 <b>A</b>	
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>		<b>C</b>				
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>					7 <b>C</b>	
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>					2 <b>D</b>	
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>			2 <b>B</b>		2 <b>B</b>	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		<b>B</b>		6 <b>A</b>	23 <b>A</b>	
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		<b>A</b>			2 <b>A</b>	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		<b>B</b>	3 <b>B</b>	3 <b>B</b>	14 <b>A</b>	4 <b>B</b>
Louþræll	<i>Calidris alpina</i>		<b>D</b>				
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		<b>D</b>			11 <b>D</b>	
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		<b>A</b>	20 <b>A</b>	15 <b>A</b>	42 <b>A</b>	3 <b>A</b>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>		<b>B</b>			5 <b>A</b>	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		<b>A</b>	7 <b>A</b>	9 <b>A</b>	86 <b>A</b>	
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>					3 <b>B</b>	
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		<b>D</b>			1 <b>D</b>	
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>					1 <b>D</b>	
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		<b>A</b>			6 <b>A</b>	
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		<b>A</b>	9 <b>A</b>	9 <b>A</b>	53 <b>A</b>	12 <b>A</b>
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>					1 <b>B</b>	
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>					1 <b>C</b>	1 <b>B</b>
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		<b>A</b>	38 <b>A</b>	35 <b>A</b>	67 <b>A</b>	14 <b>A</b>
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>			1 <b>A</b>	5 <b>A</b>	2 <b>A</b>	
Auðnutittlingur	<i>Acanthis flammea</i>			1 <b>A</b>	3 <b>A</b>	2 <b>A</b>	
Samtals				83	119	439	34
Fjöldi tegunda			15	9	10	26	5

Í töflu 5 fyrir svæði 1 er ekki sýndur fjöldi fugla þar sem veglínur voru ekki gengnar heldur skoðuð einstök svæði með tilliti til leiða.

Ekki náðist að staðfesta varp hjá grágæs, stökkönd, rauðhöfða, óðinshana, rjúpu og mariuerla á svæði 4 en þessar tegundir verpa líklega á svæðinu. Toppöndin sást úti á sjó og hún gæti orpið í sjávarhólmum eða á Hallsteinsnesi. Grágæsir á svæðunum verpa líklega aðallega úti í sjávarhólmum en einnig gæti verið varp úti á Hallsteinsnesi. Steindepillinn sást í ágúst og er hann líklega með varp á svæðinu.

Að auki verpa steindepill, mariuerla, sandlóa, kría og rjúpa á svæði 3 (Gunnlaugur Pétursson bréflégar upplýs. 2005).

Tafla 6. Fjöldi fugla og varpstig á svæðum 6-10.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	6	7	8	9	10
Ógr. skarfur	<i>Phalacrocorax sp.</i>					2 <b>D</b>	
Grágæs	<i>Anser anser</i>		2 <b>C</b>			7 <b>C</b>	(B)
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>					2 <b>C</b>	
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		1 <b>A</b>				
Æður	<i>Somateria mollissima</i>					19 <b>A</b>	<b>A</b>
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>				2 <b>A</b>		
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>		1 <b>B</b>				
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		1 <b>A</b>	6 <b>A</b>		9 <b>A</b>	(B)
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		2 <b>A</b>				(B)
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		5 <b>A</b>		2 <b>A</b>	1 <b>A</b>	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		40 <b>D</b>				
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		11 <b>A</b>	1 <b>A</b>	20 <b>A</b>	6 <b>A</b>	(B)
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>					2 <b>C</b>	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>				1 <b>A</b>	6 <b>A</b>	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		8 <b>A</b>	1 <b>A</b>	7 <b>A</b>	9 <b>A</b>	(B)
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>					4 <b>C</b>	(B)
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>					1 <b>C</b>	(B)
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		15 <b>A</b>	3 <b>A</b>	28 <b>A</b>	11 <b>A</b>	(B)
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>		57 <b>A</b>	9 <b>A</b>	22 <b>A</b>	2 <b>A</b>	
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>		1 <b>A</b>		1 <b>A</b>	1 <b>A</b>	
Hrafn	<i>Corvus corax</i>		2 <b>D</b>				
Auðnutittlingur	<i>Acanthis flammea</i>				1 <b>A</b>		
Samtals			146	20	84	82	
Fjöldi tegunda			13	5	9	15	(9)

Úti á Grónesi (svæði 9) sáu fuglar sem gætu verið með varp nálægt svæðinu eins og úti í sjávarhólmunum. Þetta voru grágæsir, stökkönd, kría og svartbakur. Jaðrakan var líklega ekki með varp þarna en það er varpstofn undan Brekku inni í botni á Gufufirði og í Gufudal. Líklega eru tvö varppör á Hallsteinsnesi. Í ágúst sást æðarkolla með unga á svæði 6.

Eyjarnar fyrir mynni Djúpaþfjarðar (svæði 10) voru ekki skoðaðar en vitað er til þess að æðarvarp er í þeim og arnarvarpsstaður í Ystey (Kristinn H. Skarphéðinsson 2005). Miðað við þekkt fuglalíf í öðrum eyjum á Vestfjörðum t.d. Hrótey í Mjóafirði (Böðvar Þórisson o.fl. 2003) má búast við að þeim tegundum sem getið er í töflu 6 fyrir svæði 10.

Tafla 7. Fjöldi fugla og varpstig á svæðum 11-15.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	11	12	13	14	15
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>				4 <b>D</b>		
Grágæs	<i>Anser anser</i>				57 <b>C</b>	2 <b>C</b>	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>				11 <b>B</b>		
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>		2 <b>D</b>				
Æður	<i>Somateria mollissima</i>						7 <b>B</b>
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				2 <b>C</b>		
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>					1 <b>B</b>	1 <b>B</b>
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>				8 <b>A</b>		
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>				16 <b>A</b>		
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		1 <b>A</b>	2 <b>A</b>	26 <b>B</b>	1 <b>A</b>	4 <b>A</b>
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>				1 <b>C</b>		
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		4 <b>A</b>	7 <b>A</b>	20 <b>A</b>	3 <b>A</b>	27 <b>A</b>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>			1 <b>B</b>	13 <b>A</b>		
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>				1 <b>A</b>		
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>			1 <b>A</b>	34 <b>A</b>	8 <b>A</b>	3 <b>A</b>
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>				2 <b>C</b>		
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		1 <b>A</b>	5 <b>A</b>	15 <b>A</b>	21 <b>A</b>	26 <b>A</b>
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>					3 <b>A</b>	1 <b>A</b>
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		5 <b>A</b>	13 <b>A</b>	15 <b>A</b>	28 <b>A</b>	24 <b>A</b>
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>			2 <b>A</b>			2 <b>A</b>
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>						2 <b>A</b>
Samtals			13	31	225	67	97
Fjöldi tegunda			5	7	15	8	10

Straumandarpar sást á Gufudalsánni og líklegt er að hún verpi inni í dalnum. Töluvert var af heiðlóu á túnunum við Brekku og verpur hún líklega í nágrenninu en gæti hafa átt leið um svæðið. Það heyrðist í lóuprælum á leirunum.

Í töflu 8 sést að svæðin er nokkuð lík hvað varðar algengustu tegundir. Á svæði 18 er bæði kjarr og fjörusvæði og því eru tjaldar og skógarþrestir algengir. Á svæði 16 var nokkuð af stelkum á litlu svæði en þeir voru á túni fyrir neðan veg. Það sáust nokkrar kríur og hafa þær líklega verið með varp nálægt og þá kannski úti í sjávarhólmum.

Tafla 8. Fjöldi fugla á svæði 16-18 og varpstig þeirra.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	16	17	18
Grágæs	<i>Anser anser</i>			12 <b>B</b>	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>		1 <b>B</b>	2 <b>B</b>	
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		37 <b>A</b>		7 <b>B</b>
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		12 <b>A</b>	5 <b>A</b>	10 <b>A</b>
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		7 <b>B</b>	3 <b>B</b>	2 <b>B</b>
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		41 <b>A</b>	12 <b>A</b>	2 <b>A</b>
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>			1 <b>B</b>	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		37 <b>A</b>	7 <b>A</b>	4 <b>A</b>
Svarthakur	<i>Larus marinus</i>			5 <b>C</b>	
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		3 <b>B</b>		4 <b>B</b>
Ógr. stórmáfur	<i>Larus sp.</i>		1		4
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		17 <b>A</b>	11 <b>A</b>	10 <b>A</b>
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>				2 <b>B</b>
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>		14 <b>A</b>	6 <b>A</b>	16 <b>A</b>
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>				2 <b>A</b>
Samtals			170	64	79
Fjöldi tegunda			10	10	11

### Þéttleiki fugla í Teigsskógi

Lítið hefur verið athugað um tegundasamsetningu og þéttleika fugla í skógi á Íslandi. Athuganir hafa þó verið gerðar á Héraði fyrir austan (Ólafur Nielsen 2003) og notast þá við punkttalningar (enska *point counts*, sjá Bibby o.fl. 2000). Ekki voru gerðar punkttalningar í Teigsskógi en hlutfall tegunda er svipað því sem er á Héraði. Skógarpröstur, þúfutittlingur og hrossagaukur voru algengastir á Héraði eins og í Teigsskógi. Líkur eru á því að þéttleiki sé svipaður á þessum tveimur svæðum og að þeim forsendum gefnum þá er hægt að reikna hve mörg óðul raskast við vegagerð í gegnum Teigsskóg.

Frá Þórisstöðum og að Hallsteinsnesi er um 9,5 km og samkvæmt reikningum Vegagerðarinnar þá raskast svæði vegna vegar og skeringa um 0,28 km<sup>2</sup> hvort sem farið er í gegnum miðjan skóginn eða efst. Veghelgunarsvæðið er 60 m en á því svæði má reikna með einhverri umferð vinnutækja. Raskað svæði verður því líklega eitthvað meira en 0,28 km<sup>2</sup> en ómögulegt er að spá um hversu mikið það verður en líklega lítið. Í töflu 9 er sýndur þéttleiki óðala á Héraði (Ólafur Nielsen 2003) og hve mörg óðul munu líklega raskast við lagningu vegar í Teigsskógi frá Gröf og út að Hallsteinsnesi.

Tafla 9. Þéttleiki fugla á Héraði og líklegur fjöldi óðala sem raskast við vegagerð í Teigsskógi.

	Þéttleiki á Héraði 1 km <sup>2</sup>		Teigsskógur (0,28 km <sup>2</sup> )	
	Birki 1*	Birki 2**	Birki 1*	Birki 2**
Skógarpröstur	229	373	64	104
Þúfutittlingur	93	98	26	27
Hrossagaukur	57	113	16	32

\* 90+ ára skógur og meðalhæð 6 m (Ólafur Nielsen 2003).

\*\* 20 ára skógur og meðalhæð 3,5 m (Ólafur Nielsen 2003).

Í skýrslu Arnlívar Óladóttur (2004) um gróður á fyrirhugðu vegstæði nefnir hún að þétt kjarrið sé á bilinu 0,8 – 3 m hátt á opnum svæðum en 2 –5 m hátt á svæðum í skjóli. Nokkur reynitré ná 6 – 8 m hæð. Teigsskógur mundi því falla undir Birki 2 eða 20 ára skógur.

### Fuglar að hausti

Fuglar voru taldir á leirum Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði 30.-31. ágúst 2001. Fyrri daginn var keyrt um svæðið og stoppað á völdum stöðum og talið. Seinni daginn voru leirurnar í Gufu- Djúpafirði og Þorskafirði gengnar.

Farið var 12.-14. ágúst 2003 og athugað með fellistöðvar andfugla. Einnig voru athuganir á vaðfluglum skráðar niður en ekki tekin afstaða til hvort þetta væru ungar eða fullorðnir fuglar.

### Ágúst 2001

Tafla 10. Fjöldi fugla í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði 30.-31. ágúst 2001.

Tegund	Þorskafjörður		Djúpifjörður		Gufufjörður	
	30. ág.	31. ág.	30. ág.	31. ág.	30. ág.	31. ág.
Dílaskarfur	2					
Álft	13		282		72	20
Heiðagæs			15			
Grágæs	7				35	102
Stökkönd			5			
Æður	330	71			17	x
Toppönd	1					
Ógr. önd						x
Tjaldur	17	19				63
Sandlóa		1				11
Heiðlóa	43	60	20			44
Sendlingur		74				309
Lóupræll		23				
Rauðbrystingur		38			60	
Hrossagaukur					2	
Stelkur	13	19	2		21	24
Tildra						19
Hvítmáfur		3				1
Svartbakur	1					
<b>Fjöldi</b>						
<b>Fjöldi tegunda</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>4</b>		<b>6</b>	<b>11</b>

Í Þorskafirði var svæðið gengið frá Múla, inn í botn fjarðarins, út að sunnanverðu og hætt á móts við Múla. Samsetning tegunda og fjöldi var svipaður og þegar svæðið var talið 2003 (sjá töflu 11) en rauðbrystingar sáust 2001 (tafla 10) en ekki 2003.



Í Djúpafirði voru fuglar taldir á leirum undan sumarþstöðum í Miðhúsalandi. Sendlingar, heiðlóur og stelkar voru í meirihluta en einnig sást tjaldur, hvítmáfur, grágæs, dílaskarfur, hrafn og stökkönd.

Í Gufufirði var gengið út á leiruna rétt fyrir utan Hofstaði og haldið inn fjörðinn. Svæðið fyrir utan var talið með fjarsjá frá Hofstöðum. Sendlinga- og heiðlóuhópar voru mikið á ferðinni og virtust því ekki halda sig á neinu sérstöku svæði. Stelkar og tjaldar héldu sig mikið sunnan megin í firðinum við „rennuna” og svo andfuglar yst í firðinum á fjörunni. Einnig var nokkuð af grágæs og æðarfugli uppi í skerjunum fyrir mynni fjarðarins (tafla 10).

### **Ágúst 2003**

Fuglar voru taldir í Gufudalssveit 12.-14. ágúst 2003 (tafla 11). Komið var í Kollafjörðinn um þrjú eftir hádegi 12. ágúst en þá var háfjara. Byrjað var að flæða þegar talningu var lokið í Gufufirði. Þann 13. ágúst var talið í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði. Sýnataka fór fram í straumvötnum 14. ágúst en samhliða voru skráðar niður nokkrar athuganir á fuglum.

Lög var áhersla að telja álfir og rauðbrystinga en einnig skráðar niður athuganir á öðrum fuglum. Tölur fyrir vaðfugla aðra en rauðbrysting, jaðrakan og tjald, eru lágmarkstölur.

#### ***Kollafjörður***

Frá Eyri í Kollafirði að Skálanesi sáust 245 æður, 2 álfir, 11 tjaldar og 39 stelkar. Það var stoppað við Galtará en annars var talið úr bíl á hægri ferð.

Við Skálanesið og aðeins inni í Gufufjörðinn var einn ógr. skarfur, 3 álfir, 4 grágæsir, 19 æður, 4 tjaldar, 1 jaðrakan og 95 stelkar.

#### ***Gufufjörður***

Í Gufufirði voru fuglar taldir frá Melanesi og inn í botn 12 og 13. ágúst en einungis fáeinir staðir skoðaðir 14. ágúst. Við fugla, sem sáust en ekki taldir, var sett „x” (tafla 10-12).

Tafla 11. Fuglar í Gufufirði 12-14. ágúst 2003.

Tegund	Hofstaðir-botn			Melanes-Hofstaðir			Melanes
	12.ág.	13.ág.	14.ág.	12.ág.	13.ág.	14.ág.	12.ág.
Dílaskarfur			1			1	
Álft				3			1
Grágæs		168		46	30		4
Stökkönd	3	1					
Æður	16	17		63	23		222
Urtönd	4						
Tjaldur				54	72	165	1
Sandlóa			2				
Heiðlóa		166	x	23	100		3
Lóupræll		9	50				1
Rauðbrystingur		205		1			21
Sendlingur		4		23			4
Jaðrakan		69		3		70	54
Stelkur		222	x	16	4	x	50
Tildra		5	x		1	x	
Hettumáfur		9		1			
Svartbakur				2			
Hvítmáfur				7			
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>875</b>	<b>53</b>	<b>242</b>	<b>230</b>	<b>236</b>	<b>127</b>
<b>Fjöldi tegunda</b>	<b>3</b>	<b>11</b>	<b>5</b>	<b>12</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>7</b>

Í Gufufirði sáust samtals 18 tegundir á sjónum, leirunum og sjávarfitjunum. Inni í botni var stökkandarkolla með unga, lóuprælarnir voru í æti á sjávarfitjunum, tildran var að róta í þangi og aðrir vaðfuglar í æti innst á leirunum. Á ströndinni milli Hofstaða og Melaness er sker og eyri sem tjaldur og heiðlóa nota sem flóðsetur. Sunnanmegin voru 70 jaðrakanar á flóðsetri.

3. september. Melanes. Álft 51, stökkönd 42 og æðarfugl 160.

5. september. Leirur fyrir innan Hofstaði. Jaðrakan 17, álft 15, stökkönd 12, stelkur 74, tjaldur 60, sendlingur 100 og lóupræll 10.

Í ágústlok 2003 voru 150 álfir í Gufufirði.

### *Djúpifjörður*

Þann 12. ágúst voru 410 álfir í Djúpafirði á flóði. Þær héldu sig bæði sunnan og vestan megin á móts við sumarbústaðina í landi Miðhúsa. Um morguninn 13. ágúst var flóð og voru álfirnar nokkuð dreifðar í Djúpafirði. Þegar leið á morguninn þá kom vaðfuglinn inn í botn fjarðarinn og andfuglar færðu sig utar. Eins og má sjá í töflu 12 þá var nokkuð af andfugli á milli Hólmarífs og Hallsteinsness en hóparnir voru taldir einungis í fyrra skiptið.

Tafla 12. Fuglar í Djúpafirði 13. ágúst 2003.

Tegund	Hólmarif- botn			Hólmarif- Hallsteinsnes		Hallsteinsnes
	9:28	11:08	16:03	11:44	15:00	12:56
Dílaskarfur				4		1
Álft	42			400	x	
Grágæs	72			19		12
Stökkönd	16					9
Rauðhöfði				73	x	
Æður	5			82	x	20
Toppönd				85	x	
Urtönd	1					
Örn				1		
Smyrill				2		
Rjúpa						16
Tjaldur		3		11	40	14
Sandlóa	5	3	2			
Heiðlóa	1	102	30	35	72	
Lóuþræll		24				
Sendlingur		30				
Jaðrakan						20
Stelkur	20	4		1	4	13
Tildra	8	22		2		
Hettumáfur				2		
Svartbakur				2		
Hvítmáfur			1		1	1
Teista				1		
Maríuerla		4	7			
Steindepill		2				1
<b>Samtals</b>	<b>170</b>	<b>194</b>	<b>40</b>	<b>720</b>	<b>117</b>	<b>107</b>
<b>Fjöldi tegunda</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>4</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>10</b>

Daginn eftir sáust straumendur á Djúpadalsánni fyrir neðan brú. Þetta voru tvær kollur og var önnur með einn unga en hin með tvo. Stökkönd og æður sáust með unga fyrir innan Hólmarif, toppönd með unga á milli Hólmarifs og Hallsteinsnes, og svo stökkönd með unga úti á Hallsteinsnesi. Samtals sáust 26 tegundir 12.-14. ágúst í Djúpafirði. Í ágústlok 2004 voru 412 álftir í Djúpafirði.

3. september. Einn ungur örn við Lómatjörn á Ódrjúgshálsi.

30. október. Níu tjaldar við Grónes, Djúpafjarðar megin

31. október. Í Djúpafirði voru 189 rauðhöfðar og inni í botni voru 12 tjaldar og 24 sendlingar.

Páll Leifsson taldi álfir í Djúpafirði 2. ágúst 1999 og 5. ágúst 2000. Voru þær 590 í fyrria skiptið en 840 árið 2000. Einnig sá hann 4 himbrima og 3 lóma árið 1999.

Agnar Ingólfsson (1976) skoðaði fjöru- og botndýralíf í þessum fjörðum í ágúst 1975 en skráði einnig fugla. Ekki er minnst á álfir en hann sá um 800 rauðbrystinga í Djúpafirði og um 400 heiðlóur.

### ***Þorskafjörður og Berufjörður***

Fuglar voru taldir í Þorskafirði 12.-13. ágúst 2004. Þann 12. ágúst voru 27 álfir fyrir innan Þórisstaði, 100 heiðlóur og 54 tildrur á flóðsetri. Þann 13. ágúst var fuglalífið skoðað um morguninn en þá var flóð. Undan Kinnastöðum (Þ2) var nokkuð af vaðfugli á flóðsetri. Frá Kinnastöðum og inn að botni var vaðfuglinn í hvíld á flóðsetri (Þ1). Innst á leirunum inni í botni Þorskafjarðar og á sjávarfitjunum (Þ1A) var tilðra í æti en flestir vaðfuglar voru í hvíld (tafla 13).

Tafla 13. Fuglar í Þorskafirði 13. ágúst.

Tegund	Þorskafjörður		
	Þ2	Þ1	Þ1A
Ógr. skarfur	1		
Dílaskarfur		1	
Álft		26	
Grágæs		4	
Æður		374	1
Tjaldur	39	8	9
Sandlóa			1
Heiðlóa	25	131	13
Sendlingur		4	1
Stelkur		3	82
Tilðra		46	21
Ógr. vaðfugl	50		
Hettumáfur			39
Kría		6	
<b>Samtals</b>	<b>115</b>	<b>603</b>	<b>167</b>
<b>Fjöldi tegunda</b>	<b>3</b>	<b>10</b>	<b>8</b>

Í Berufirði voru 100 hávellur og 100 álfir (sunnan megin). Á flóðsetri voru 106 jaðrakanar undan Börmum.

2. september. 28 álfir voru fyrir innan Þórisstaði í Þorskafirði.

5. september. Á leirum í botni Þorskafjarðar voru 30 stelkar og fjórar tildrur.

## UMRÆÐUR

Fuglalíf er mikið á framkvæmdasvæðinu og þá sérstaklega á vorin og síðsumars. Áhrif framkvæmda verða mismikil eftir leiðum og kostum við þær leiðir. Ljóst er þó að þveranir hefðu mikil áhrif ef ekki yrðu tryggð full vatnsskipti. Reiknað er með fullum vatnsskiptum í öllum mögulegum þverunum og er því ekki fjallað sérstaklega um áhrif af skertum vatnsskiptum.

### Fuglar að vori

Mikið fuglalíf var fyrst á vorin og þá aðallega inni í botni Gufufjarðar.

### Rauðbrystingur

Talningar í maí 2003 á framkvæmdarsvæðinu gefa svipaðar niðurstöður og í flugtalningunni 1990 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Talningarnar 2003 gefa því góða mynd af notkun rauðbrystingsins af svæðinu og hámarksfjölda sem fer þarna um.

Í Þorskafirði var einungis svæðið skoðað við og fyrir innan fyrirhugaða þverun. Enginn fugl sást fyrir innan 2003 en nokkrir undan Kinnarstaða og Hofstaða. Fáeinir fuglar sáust síðsumars 2001 og um vorið 2004. Fyrirhuguð þverun eða uppbygging vegarins inn fyrir ætti því að hafa lítil áhrif á rauðbrystinginn.

Í Djúpafirði var fuglinn að mestu á suðurströndinni við eyðibýlið Barm og þar rétt fyrir utan. Þegar byrjaði að flæða, flaug hann út fjörðinn og stoppaði við Hallsteinsnesið áður en hann hélt lengra. Þaðan stefndi hann að Reykjanesi eða inn Þorskafjörðinn. Enginn fugl fannst á flóðsetri í Djúpafirði og á Hallsteinsnesi en ekki var kannað inn með vesturströnd Þorskafjarðar að Þórisstöðum. Á milli 3-400 fuglar sáust á flóðsetri nálægt smábátahöfninni á Reykjanesi. Líklegt er að fuglinn frá Djúpa- og Gufufirði haldi sig á flóðsetri við Reykjanes og nágrenni.

Fyrirhuguð þverun (leið B) í Djúpafirði hefði væg áhrif á rauðbrystinginn. Fæðuöflunarsvæði á Hallsteinsnesi raskast þar sem þverunin verður en rauðbrystingurinn notar það í stuttan tíma.

Gufufjörður er mikilvægur fyrir rauðbrystinga og þá sérstaklega innsti hluti hans. Um 2000 fuglar voru á litlum bletti upp undir sjávarfítjarnar inni í botni fjarðarins þegar það var rétt byrjað að fjara. Á háfjörrunni virtist vera lítið af rauðbrystingi inni í firðinum. Hann var þó fljótur að koma þegar byrjað var að flæða að og var hann því ekki langt undan. Það er engin góð staðsetning á þverun í Gufufirði en verst mundi hún vera upp undir sjávarfítjarnar (innsti kosturinn).

Í Kollafirði mun fjörusvæði skerðast á nokkrum stöðum en hefði lítil áhrif á rauðbrystinginn. Helst yrðu einhver áhrif ef efnistaka við Galtareyri næði niður í fjöruna.

Af þeim fjörðum, sem skoðaðir voru með tilliti til áhrif vegagerða á rauðbrysting, þá er Gufufjörðurinn viðkvæmastur. Talið er um að 262 þúsund rauðbrystingar fari um Ísland á hverju vori (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991) Í Gufufirði sáust

a.m.k 2000 rauðbrystingar og um 1000 í Djúpafirði í maí 2003. Samkvæmt Ramsar sáttmála um votlendi þá hafa svæði alþjóðlega þýðingu ef 1% eða meira af stofni fugla heldur sig þar með reglubundnum hætti (Ramsar Convention 1971). Á milli 2-3000 (1%) rauðbrystingar fara um Gufufjörðinn og hefur hann því alþjóðlegt mikilvægi.

Þær leiðir sem koma til greina munu skerða eitthvað af fæðusvæði rauðbrystingsins og er engin leið betri í því tilviki. Mikilvægustu svæðin, sem eru upp undir sjávarfitjarnar í Gufufirði og undan Brekku í Gufufirði, munu samt sleppa. Þveranir sjálfar ættu ekki að hafa áhrif á rauðbrysting enda verða full vatnskipti.

Aðrir vaðfuglar að vori nota Gufufjörðinn einnig mjög mikið og eru að nota sömu svæði og rauðbrystingur.

Rauðbrystingar notuðu Gilsfjörðinn töluvert fyrir þverun hans (Agnar Ingólfsson 1990) en sást ekki þar eftir þverun (Agnar Ingólfsson 2000). Í Gilsfirði var ekki tryggð full vatnsskipti og hefur það öllu líkindum haft úrslitaáhrif á fæðuöflunarsvæði rauðbrystingsins. Full vatnsskipti í fjörðunum eru því mjög mikilvæg fyrir rauðbrysting svo með aðra vaðfugla.

### **Aðrir fuglar að vori**

Lítið var af tildru á svæðinu nema í Djúpafirði. Hún var nokkuð dreifð um fjörðinn og litlir hópar. Í Gufufirði voru nokkrar í reknu þangi á sjávarfitjunum inni í botni, annars voru frekar fáar þarna um vorið. Hún virðist því nota Gufufjörðinn lítið á vorin nema e.t.v. þegar vindur og stórstraumur fara saman. Þá er rekið sjávarfang upp á sjávarfitjunum og er hún þar í æti.

Engin sanderla sást á svæðinu en möguleiki er hún hafi komið seinna. Líklegt er að fjöldi sé óverulegur þar sem lágmarksfjöldi sem fer um vesturhluta Íslands er talinn vera 8000 fuglar. Stærstu hóparnir eru við Sandgerði og Akarar við Mýrar (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993).

Fyrstu farfuglarnir, sem eru að nota leirurnar í þessum fjörðum, koma í nokkru mæli upp úr miðjum apríl; stelkur, heiðlóa, sandlóa, jaðrakan og lóupræll. Stelkurinn notar Gufufjörðinn töluvert en minna var af öðrum tegundum. Sendlingur sést allt árið í þessum fjörðum en hann hreyfir sig meira á milli svæða en stelkurinn. Tjaldurinn er mættur upp úr miðjum mars en ekki sést mikið af honum um vorið. Við Grónes, Djúpafjarðarmegin, var nokkuð af kræklingi og hann gæti verið þar fyrst á vorin en það var ekki skoðað.

Gufufjörðurinn er mikilvægastur af þessum fjörðum fyrir vorfuglana og þá helst innsti hluti hans. Mikilvægt er að vatnskipti haldist óskert í öllum þverunum.

### **Varpfuglar**

Nokkrar tegundir á framkvæmdasvæðinu eru á valista (Náttúrufræðistofnun 2000) en einungis ein sem er í hættu vegna framkvæmdanna og það er örn. Fjallað er um hann í skýrslu Kristins Hauks Skarphéðinssonar (2005).

## Áfangi 1

Lítið rask verður á búsvæði varpfugla hvort sem farið verður innfyrrir eða þverað. Leirurnar inni í botni Þorskafjarðar eru þó viðkvæmari fyrir raski en þverunin.

## Áfangi 2

Þrjár leiðir koma til greina, B, C og D. Fjallað verður um áhrif leiðanna á varpfugla hér fyrir neðan.

### Leið B

Fuglalífið frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi einkennist af þeim tveimur megingerðum af búsvæðum á þessu svæði, fjörusvæði og skógur. Í skóginum voru skógarþrestir, þúfutittlingar og hrossagaukar algengastir eins og búast mátti við. Skógarþröstur er nokkuð bundinn við skóg þó svo hann finnist einnig í mólendi og víðar við mannvirki. Röskun á Teigsskóginum hefði því mest áhrif á skógarþröst en einnig á þúfutittling og hrossagauk.

Á Hallsteinsnesi eru mjög fjölbreytt búsvæði fugla; tjarnir, kjarr, þangfjörur og leiruskikar innan klettarana. Fuglalífið var mjög fjölbreytt og þá sérstaklega við tjarnirnar og á fjörusvæðinu.

Nokkrir kostir fyrir þverun Djúpaþjarðar liggja yfir eyjar og sker og mun líklega æðarvarp leggjast af í þeim eyjum þar sem þær eru litlar að flatarmáli. Einnig verður aðgengi fyrir ref og mink út í eyjarnar auðveldara þar sem vegurinn mun liggja yfir eða nálægt þeim.

Arnarvarpstaður er á þessari leið og er fjallað um áhrif vegagerðar á viðkomu arnarins í skýrslu Kristins H. Skarphéðinssonar (2005).

### Leið C

Leið C og D liggja eins frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Hálsá í vestanverðum Djúpaþfirði og er hér því einungis fjallað um þann hluta leiðarinnar sem liggur frá Hálsá að Grónesi.

Á þessu svæði var margt líkt og er í Teigsskógi nema kjarrið er ekki nærri eins þétt. Skógarþrestir, þúfutittlingar og hrossagaukar voru algengastir en í mólendi sáust stelkar. Þéttleiki var nokkur næst sumarbústöðunum en minnkaði eftir því sem utar dregur. Mestu áhrifin verða á þessar þrjár algengustu tegundir og á stelk en búsvæði þessara fugla er þó með nokkuð blettótt, þar sem lítt grónir melar og klettar eru á milli. Fuglalífið á fjörusvæðinu á Grónesi var nokkuð fjölbreytt en fáir fuglar á gróðurlitlum svæðum (melum) á nesinu.

Arnarvarpstaður er á þessari leið og er fjallað um áhrif vegagerðar á viðkomu arnarins í skýrslu Kristins H. Skarphéðinssonar (2005).

### Leið D

Með leið D verður fylgt að mestu þeim vegi sem fyrir er en með nokkrum undantekningum.

Við Krossgil í sunnanverðum Djúpafirði yrði nokkur breyting og mundi hún hafa nær eingöngu áhrif á skógapresti, hrossagauka, þúfutittlinga og fæcina stelka en áhrifin yrðu lítilsháttar.

Mestu áhrifin á varpfugla yrðu um vegkaflann frá Ódrjúgshálsi og yfir Gufufjörðinn. Miðað við þekkt búsvæði á þessum kafla eru algengustu tegundirnar hrossagaukur, skógarþröstur og þúfutittlingur. Líklega eru nokkrir pollar þarna snemma sumars og gætu því verið jaðrakanar og stelkar með varp við þá. Ólíklegt er að einhver sjaldgæf tegund sé á þessum kafla.

Leið D hefði minnst áhrif á varpfugla af þessum leiðum þar sem hún fylgir að mestu núverandi vegi.

### Áfangi 3

Áhrif framkvæmdar á þessum áfanga verða lítil þar sem núverandi vegi er að mestu fylgt eftir. Nokkrar veglínur eru settar fram um Skálanesið og ætti engin að hafa mikil áhrif á fuglalífið. Veglína fyrir neðan Skálanesbæinn hefði þó mest áhrif þar sem fjölbreytileikinn var þar mestur. Fuglar á þessum áfanga eru algengir í náttúru Íslands.

### Fuglar að hausti

Í Djúpafirði eru fellistöðvar andfugla og fella á bilinu 4-800 álfir á hverju síðsumri. Í Gufufirði fer fjöldi álfra upp í 150. Álfirnar voru dreifðar um allan fjörð í Djúpafirði á flóðinu en voru mikið á móts við sumarbústaðina í Miðhúsarlandi báðum megin í firðinum á fjörunni. Einnig voru þær nokkuð mikið uppi í landinu að sunnanverðu.

Álft er þarna í marhálmi en einnig sást hún uppi í landi á suðurströnd fjarðarins og var þar líklega í berjum. Rauðhöfði og toppönd eru einnig í felli í firðinum. Djúpifjörður er því mikilvægur sem fellistaður fyrir andfugla en óvíst er að þveranir hafi þar nokkur áhrif þ.e. hindri ferðir fuglanna.

Vaðfuglar voru mjög áberandi síðsumars og sást heiðlóa í nokkru magni á fjörusvæði í Djúpafirði. Einnig sást nokkuð af henni inni í botni Þorskafjarðar. Hún var einnig áberandi á sjávarfítjunum inni í botni Gufufjarðar. Var hún þar í æti í reknu þangi ásamt tildru og lóupræl. Firðirnir eru mikilvægir fyrir vaðfuglana vegna fæðuöflunar og koma Þorska- og Djúpafjörður sterkir inn síðsumars en Gufufjörður mikilvægari um vorið.

Ekkert bendir til að umtalsverðar breytingar verði vegna þverana ef tryggð verða full vatnsskipti (sjá t.d. Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2004a og b). Þveranir á leið B, C og D ættu því ekki að hafa áhrif á fæðuöflun fuglanna þar sem full vatnsskipti verða og ættu ekki að hindra ferðir fuglanna.



## Samantekt

Áfangar 1 og 3 munu hafa lítil áhrif á fuglalíf á svæðinu.

Á áfanga 2 mun leið B hafa mest áhrif og þá aðallega á varpfugla. Hún fer yfir óraskað land en einnig er áætlað að heimreið að Djúpadal verði samkvæmt leið C og notuð tímabundið sem stofnvegur vegna áfangaskiptingu vegagerðar. Leið B mun hafa mest áhrif þúfutittlinga, skógarþresti, hrossagauka og stelka. Þær veglínur sem liggja yfir eyjarnar munu hafa áhrif á æðarvarp.

Fjöldi rauðbrystinga nær oftast hámarki yfir stórstraum um miðjan maí og er því hér um stuttan tíma að ræða, 7-10 dagar.

Leið C hefði áhrif á mun færri fugla og tegundir en á leið B.

Leið D mun hafa lítil áhrif á fugla nema í Gufufirði. Þar mun hún hafa mest áhrif á þúfutittlinga, hrossagauka og skógarþresti. Leiðin mun raska eitthvað af fæðusvæðum vaðfugla. Ytri valkostur á leið D yfir Gufufjörðinn er þó sýnu skárri þar sem fuglalífið var meira inni í botni fjarðarins.

Almennt verða áhrif á fuglalíf hvergi mikil og aðaláhrifin nær eingöngu á algengar tegundir.

Um áhrif á arnarvarp á leið B og C er fjallað í sér skýrslu (Kristinn H. Skarphéðinsson 2005)

## Þakkir

Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða aðstoðuðu við fuglatalningar; Guðrún Steingrímsdóttir, Petrína Freyja Sigurðardóttir og Hafsteinn H. Gunnarsson. Einnig er Kristínu Jónsdóttir þakkað fyrir aðstoð við talningar í júní 2003. Eftirtöldum er þakkað fyrir upplýsingar um fuglalíf á svæðinu: Páll Leifsson Eskifirði, Theódór Guðmundsson Brekku, Þóroddur S. Skaptason Hafnarfirði og Gunnlaugur Péturssyni Reykjavík.

## Myndir

### Ljósmyndir:

Böðvar Þórisson/NV – mynd nr. 5

### Myndir unnar upp úr loftmyndagrunni Loftmynda ehf:

Böðvar Þórisson/NV – mynd nr. 6-7

Oddur Jónsson Vegagerðin Ísafirði – mynd nr. 1-4, 8

## HEIMILDASKRÁ

Agnar Ingólfsson. 1990. Athuganir á rauðbrystingum í Gilsfirði í maí 1990. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrít nr. 29.

Agnar Ingólfsson. 2000. Umhverfisrannsóknir í Gilsfirði. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrít nr. 29.

Arnín Óladóttir. 2004. Gróðurfar á fyrirhugðu nýju vegstæði frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 12-04.

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrít nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson. 1991. Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla. Áfangaskýrsla.

Böðvar Þórisson, Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2003. Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-03.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2004a. Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði. Áfangaskýrsla 1. Styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 4-04.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2004b. Fuglalíf fyrir og eftir þverun í Önundarfirði og Dýrafirði. Útdráttur veggspjalds í: Líffræði – Vaxandi vísindi. Ráðstefnurit afmælisráðstefnu Líffræðifélags Íslands og Líffræðistofnunar Háskólans 19. og 20. nóvember 2004.

Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson. 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. *Echography* 16: 82-93.

Jónas Jónsson. 2001. Skrá um varpjarðir á Íslandi. Bls 371-475 í: Jónas Jónsson (ritstj.). Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi. Rit Æðarræktarfélags Íslands. Mál og Mynd, Reykjavík. 528 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 2005. Ernir og vegagerð í Djúpafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ramsar Convention. 1971. Convention on Wetlands of international importance Especially as Waterfowls Habitat. Ramsar, Íran.

## VIÐAUKI

Staða varpfugla í reitum 3443 og 3543 árið 2004, samkvæmt 10x10 km reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands (Kristinn Haukur Skarphéðinsson bréfl. upplýsingar). Fuglar sem sáust í þessum reitum 2003 í talningum frá Náttúrustofu Vestfjarða (N.V.).

Skýringar: 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, 4/A: gamalt/óreglulegt varp, C:A+3, tegund gæti orpið.

Viðauki 1. Staða varpfugla í reitum 3443 og 3543 samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) 2004 og athuganir Náttúrustofu Vestfjarða 2001-2005 (NV).

Tegund	3443		3543	
	NÍ	NV	NÍ	NV
Lómur	1		1	1
Himbrimi			C	
Flórgoði			A	
Fýll	1			
Dílaskarfur				
Álft	1	3	1	1
Heiðagæs				
Grágæs	?	2	1	1
Rauðhöfðaönd	?	3	1	3
Urtönd	1	1	?	3
Stökkönd	1	1	1	2
Skúfönd	?	2	1	1
Duggönd	?		1	
Æður	1	1	1	1
Straumönd		2		3
Hávella	?		3	
Toppönd	3	3	1	
Gulönd	?	3		
Haförn	1	1		
Smyrill	2	3	2	
Fálki	1		A	
Rjúpa	1	1	1	1
Tjaldur	1	1	1	1
Sandlóa	1	1	1	1
Heiðlóa	1	1	1	1
Sendlingur	1	C	A	
Louþræll	?	3	2	
Hrossagaukur	1	1	1	1
Jaðrakan	?	1	2	1
Spói	1	1	1	1
Stelkur	1	1	1	1
Óðinshani	3	2	2	3

Kjói	?		1	
Hettumáfur	A		1	1
Hvítmáfur	1	C		
Svartbakur	?	3	?	
Kría	?	1	1	1
Teista	2			
Húsdúfa				
Brandugla				
Þúfutittlingur	3	1	1	1
Maríuerla	?	2	1	1
Músarrindill	2	1	3	1
Steindepill	?	1	2	1
Skógarþröstur	1	1	1	1
Hrafn	1	3	1	
Auðnutittlingur	1	1	2	1
Snjótittlingur	2	1	2	